

Ed. 801. Frumvarp til laga [149. mál]
um Íþróttakennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

Samhljóða þskj. 593 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veitir full réttindi til íþróttakennslu.

Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein, enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti. Tilhögun viðbótarnámsins fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Setja má í reglugerð ákvæði um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskólanum sem skilyrði fyrir innngöngu í Kennaraháskólann.

5. gr. hljóðar svo:

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) stúdentsprófi,
b) almennu kennaraprófi,
c) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraskólans,
d) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.

Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.

3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.